

Pingeyjarsveit
Hlíðavegi 6
660 Reykjahlið

Reykjavík, 10.1.2024
UST202302-170/F.T.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 23. nóvember 2023 þar sem fram kom að frávík hefði verið skráð í eftirliti á urðunarstað Pingeyjarsveitar (áður Skútustaðahreppur) við Kollóttuöldu á Hólasandi þann 19. september 2023. Þann 15. desember 2023 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikið er eftirfarandi:

Gr. 1.6 í starfsleyfi. Um frágang urðunarstaðar, eftirlit og mælingar á mengunarefnum eftir að starfsemi urðunarstaðar líkur, skal fara samkvæmt 23. og 24. gr. reglugerðar nr. 738/2003, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Áætlun um endanlegan frágang eftir lokun urðunarstaðar skal liggja fyrir ekki seinna en tveimur árum áður en starfsemi lýkur. Slík áætlun liggur ekki fyrir.

Skv. úrbótaáætlun stendur til að grafa upp úrgang sem óheimilt var að urða á staðnum (sbr. frávík sem skráð var 2022) og koma honum í réttan farveg. Farið verður í þær aðgerðir í byrjun maí 2024 og eru áætluð verklok 30. júní 2024. Í maí verður efni grafið upp og komið fyrir á viðeigandi urðunarstöðum. Í júní verður svæðið hreinsað.

Í úrbótaáætlun kemur einnig fram að gerð verði áætlun um viðhald staðarins m.t.t. vöktunar, vöktun á hugsanlegri mengun og vöktun veðurfars og tíðni vöktunar í samráði við Umhverfisstofnun. Svæðið verði að lokum ræktað upp í samstarfi við Landgræðsluna sem hluti af svartvatnsverkefni Pingeyjarsveitar og Landgræðslunnar.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila. Úrbætur vegna eldra frávíks verða teknar út í næsta eftirliti. Umhverfisstofnun bendir á að þeim

framkvæmdum verður að ljúka áður en stofnunin getur hafið vinnu við lokunaráætlun urðunarstaðarins.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur